

Tengja posa frá Teya

Síðast uppfært 08/07/2026 10:17 am BST

Hvernig virkar posatenging?

Hægt er að tengja posa frá Teya við sölukerfi Noona. Með því hoppar upphæðin beint í posann um leið og þú velur greiðslukort sem greiðslumáta í Noona HQ og reikningurinn merktist sem greiddur um leið og posafærslan fer í gegn. Þetta tryggir það að reikningar séu að stemma við færslur í posanum, réttur posi sé valinn við afgreiðslu og síðan skapar þetta auðvitað aukin þægindi & tímasparnað.

Setja upp posatengingu

Ert þú að nota Noona HQ í vafra eða appið? Það skiptir ekki máli á hvorum staðnum þú tengir posann en hér fyrir neðan eru leiðbeiningar fyrir hvoru tveggja.

Ertu verktaki?

Áður en þú byrjar á því að tengja posann passaðu þá upp á að eftirfarandi atriði séu í lagi:

1. Þú ert skráð/-ur inn á þinn eigin Noona HQ aðgang. Ef þú ert ekki viss geturðu farið undir **Stillingar** - > **Almennt** og séð þar netfangið sem er innskráð.
2. Sért skráð/-ur sem verktaki í sölukerfinu. [Smelltu hér](#) til þess að finna upplýsingar um hverngi það er gert.
3. Nú er allt klárt og þú getur fylgt leiðbeiningunum hér að neðan.

1. Farðu í **Valmyndina** sem þú finnur uppi í vinstra horninu (ef þú ert í vafra) en niðri í hægra honinu (ef þú ert í appinu). Svona lítur merkið út:



2. Því næst skrollarðu neðst niður undir **Stillingar** - **Viðbætur** (ef þú ert í vafra) eða smellir á **Þrjá punktana** uppi í hægra horninu - **Stillingar** - **Viðbætur** (ef þú ert í appinu).

3. Nú smellir þú á **Tengja** undir Teya merkinu.



Teya

Tengdu við Teya til þess að
taka við greiðslum í gegnum
posa



Tengja

4. Þá ætti Teya innskráningarglugginn að opnast þín megin:



Ef þú ert ekki viss hvaða netfang er tengt hjá Teya þá getur þú heyrt í okkur og við finnum rétta netfangið fyrir þig. Annað hvort með því að senda okkur skilaboð í spjallbúbbbluna inn í Noona HQ eða tölvupóst á hq@noona.is



Log in to Teya

Email

jane.doe@domain.com

Please fill in this field.

Continue

Sign up



Continue with Apple



Continue with Google



Continue with Facebook

By continuing, you confirm you have read and agree to the [privacy policy](#) and [terms and conditions](#) that govern your usage of Teya services.

[Privacy policy](#)

[Terms and conditions](#)

[Help and support](#)

© Teya Services Ltd. 2023

5. Skráir þig inn á Teya aðganginn þinn - ef þú manst ekki lykilorðið þá er hægt að ýta á **Gleymt lykilorð**:



Log in to Teya

Email

sverrir@noona.is

[Change](#)

Password



Log in

Ef þú hefur gleymt
lykilóðinu þá ýtir þú
hér

Forgot your password?

By continuing, you confirm you have read and agree to the [privacy policy](#) and [terms and conditions](#) that govern your usage of Teya services.

6. Þegar það er klárt ferðu sjálfkrafa aftur yfir á Noona HQ.

7. Þaðan ferðu í **Valmyndina** sem þú finnur uppi í vinstra horninu (ef þú ert í vafra) en niðri í hægra honinu (ef þú ert í appinu). Svona lítur merkið út:



8. Skrollar neðst niður undir **Stillingar** (ef þú ert í vafra) eða smellir á **Þrjá punktana** uppi í hægra horninu (ef þú ert í appinu). Þaðan ferðu í **Greiðsluleiðir** sem þú finnur undir **Sala**.




Ef þú ert með hlutverkastillingar sem kallast **Starfsmaður** í Noona HQ getur þú ekki séð flípann **Greiðslumáti**. Því myndir þú fyrst þurfa að biðja eiganda um leyfi fyrir þessum stillingum.

Hlutverk				
Getur eytt viðhengjum	☒	☒	☐	
Getur breytt nöfnum viðskiptavina	☒	☒	☐	
▼ Notendur	Eigandi	Starfsmaður	Bókari	
Can access the staff list, manage users and invitations, and manage work hours for all staff	☒	☐	☐	
▼ Greiðslur	Eigandi	Starfsmaður	Bókari	
Getur gefið út reikninga í eigin nafni og átt við eigin greiðsluleiðir	☒	☒	☐	
Getur átt við allar greiðslur	☒	☐	☐	
Getur átt við öll uppjör greiðslna	☒	☐	☐	
▼ Sölukerfi	Eigandi	Starfsmaður	Bókari	
Getur átt við vörur (stofnað, breytt og eytt)	☒	☒	☐	
Getur séð eigin útgefna reikninga	☒	☒	☐	

9. Undir flípanum **Greiðslumáti** smellirðu á **Tengja posa**.

10. Velur réttan posa út frá S/N númerinu sem þú finnur aftan á posanum þínum.



Nú er allt klárt Noona HQ megin!

Að lokum þarft þú að klára að stilla posann:

Stilla posann

Eina sem þarf að gera til þess að stilla posann er að virkja kassakerfisstillinguna.

Þegar þú hakar við **Virkja kassakerfisstillingu** þá læsist skjárin og því ekki hægt að stimpla beint inn í hann.

Ef þú þarft að gera eitthvað inn í posanum þá fylgir þú leiðbeiningunum hér að ofan og tekur hakið af **Virkja kassakerfisstillingu**.

Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbúbbbluna ef þú ert með spurningar eða ábendingar ?
